

64  
7. maí

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*

65  
7. maí

**L Ö G**

um

**samstjórn tryggingastofnana landsins.**

Vjer **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Almennar tryggingarstofnanir, sem ríkið rekur, stendur í ábyrgð fyrir eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingarstofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdarstjórn, eftir því sem við verður komið.

**2. gr.**

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingarstofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvísi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

## 3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hvernar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

## 4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára í senn.

## 5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

## 6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*